



Kolefnislosun í lánasafni (PCAF)

LANDSBANKINN HF. | KT. 471008-0280 | LANDSBANKINN.IS

10. júní 2021



Við höfum um langt skeið lagt mikla áherslu á sjálfbærni í rekstri Landsbankans. Við höfum til að mynda tekið virkan þátt í þróun alþjóðlegs loftslagsmælis fyrir fjármálafyrirtæki innan vébanda PCAF (Partnership for Carbon Accounting Financials). Loftslagsmælinum var hleypt af stokkunum í nóvember 2020 og við höfum nú lokið við að áætla losun frá hluta útlánasafns okkar með aðferðafræði PCAF. PCAF setur fram sex flokka sem fjármálafyrirtæki ættu að greina losun frá. Hér er merkt við þá flokka sem við höfum lokið við að greina:

- Skráð hlutabréf og skulda-
bréf
- Fyrirtækjalán og óskráð
hlutabréf ☒
- Framkvæmdalán
- Fasteignalán ☒
- Fasteignalán fyrir tækja
- Bílalán ☒

Þeir flokkar sem við höfum ekki greint eru lítill hluti fjárfestinga

eða útlána okkar og ættu ekki að breyta niðurstöðum að miklu leyti. Okkar markmið er þó að greina þessa flokka einnig þegar fram líða stundir.

Niðurstöðurnar falla í umfang 3 samkvæmt Greenhouse Gas Protocol og flokkast sem óbein losun frá okkar rekstri. Þessar niðurstöður eru mikilvægar fyrir þær sakir að með því að þekkja þessa losun gróðurhúsalofttegunda getum við tekið upplýstar ákvarðanir og stutt viðskiptavinum okkar á þeirra eigin sjálfbærnivegferð. Að auki hafa þessar niðurstöður áhrif á stýringu loftslagsáhættu, en við erum meðvituð um þær hröðu breytingar sem eru að eiga sér stað í loftslagsmálum og þau áhrif sem þær geta haft á rekstur fyrirtækja.

Helstu niðurstöður

Bankinn hefur lokið við að áætla losun gróðurhúsalofttegunda vegna fyrirtækjalána, bílalána og húsnæðislána. Óbein losun bankans í gegnum fyrirtækjalán,

sem flokkast sem umfang 1 og 2 hjá fyrirtækjum í viðskiptum við okkur,¹ er um 360 ktCO₂.² Umfang 3 hjá þeim fyrirtækjum sem við lánum til, þ.e. óbein losun frá þeim fyrirtækjum, er svo aftur um 356 ktCO₂. Stærstur hluti losunar gróðurhúsalofttegunda frá útlánasafni bankans kemur frá fyrirtækjum sem stunda flutning og geymslu, þ.e. farþegaflutninga á sjó eða í lofti og vöruflutninga á sjó, eða um 265 ktCO₂. Fiskveiðar skipa líka stóran sess í losun frá útlánasafni, eða um 37 ktCO₂, ásamt framleiðslufyrirtækjum sem losa um 27 ktCO₂. Þessar niðurstöður koma ekki á óvart vegna staðsetningar Íslands enda er megnið af vörum sem hér eru seldar fluttar hingað með skipum eða flugi. Það sama má segja um farþegaflutninga, sem að mestu leyti eru með flugi. Sjávarútvegur skipar stóran sess í íslensku atvinnulífi og við fjármögnum fjölda fyrirtækja í þeirri atvinnugrein. Því kemur ekki á óvart að sá flokkur sé einna stærstur.

1 Umfang 1: bein losun frá eiganda, umfang 2: óbein losun vegna framleiðslu á hita og rafmagni, umfang 3: óbein losun vegna framleiðslu aðfanga og notkun á framleiddum vörum.

2 ktCO₂ í eru kílótonn (1000 tonn) af koldíoxíðgildum (CO₂í). Eitt tonn koldíoxíðgilda er eitt tonn af koldíoxíði eða magn annarra gróðurhúsalofttegunda sem hefur sambærilegan hlýnunarmátt.

Atvinnugreinar	Umfang 1 + umfang 2 ktCO ₂ í	Umfang 3 ktCO ₂ í
Byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð	4,3	53,8
Fasteignaviðskipti	1,4	5,2
Félagasamtök og önnur þjónustustarfsemi	0,4	1,1
Fjármála- og váttryggingastarfsemi	0,1	0,3
Flutningur og geymsla	265,4	48,1
Framleiðsla	27,0	149,8
Fræðslustarfsemi	0,0	0,2
Heilbrigðis- og félagsþjónusta	0,2	1,4
Heild- og smásöluverslun, viðgerðir á vélknúnum öku-tækjum	9,7	14,3
Landbúnaður, skógrækt og fiskveiðar	36,7	35,1
Leigustarfsemi og ýmis sérhæfð þjónusta	3,2	21,8
Menningar-, íþróttar- og tómstundastarfsemi	1,0	4,2
Námugróftur og vinnsla hráefna úr jörðu	0,3	0,6
Opinber stjórnsýsla og varnarmál; almannatryggingar	0,0	0,1
Rafmagns-, gas- og hitaveitur	2,9	1,0
Rekstur gististaða og veitingarekstur	4,5	10,1
Sérfræðileg, vísindaleg og tæknileg starfsemi	2,1	3,6
Starfsemi stofnana og samtaka með úrlendisrétt	0,0	0,0
Upplýsingar og fjarskipti	0,7	3,4
Vatnsveita, fráveita, meðhöndlun úrgangs og afmengun	0,5	1,9
Samtals	360	356


Þegar litið er til bílalána er bein losun frá lánasafni bankans um 39 ktCO₂ í og fellur alfarið undir umfang 1 hjá lánþegum, en umfang 3 hjá Landsbankanum. Sé

litið til húsnæðislána má sjá að losun er um 0,8 ktCO₂ í og verður til vegna raforku og heitavatnsnotkunar húsnæðis sem bankinn hefur lánað til að kaupa. Sú

losun fellur í umfang 2 hjá lánþegum en umfang 3 hjá Landsbankanum.

ktCO ₂ í	Umfang 1	Umfang 2	Umfang 3	Samtals
Fyrirtækjalán	357,34	2,88	355,87	716
Bílalán	39,24	0,00	0,00	39
Húsnæðislán	0,00	0,84	0,00	1
Samtals	397	4	356	756

Hlutfallsleg skipting losunar á milli atvinnugreina (umfang 1 og 2)




Á myndinni hér að ofan má sjá hlutfallslega skiptingu á milli atvinnugreina. Stærstur hluti, eða um 75%, af losun útlánasafns til fyrirtækja er innan flokksins flutningur og geymsla.

Kolefniskræfni útlána til fyrirtækja er áætluð 0,55 tCO₂/ISKm.

Til að setja óbein áhrif frá útlánastarfsemi í samhengi, má sjá myndina hér að neðan. Myndin sýnir að útlán eru rúmlega 99% af kolefnisspori bankans. Hér er því sýnt með nokkuð afgerandi hætti að umhverfisáhrif frá bankastarfsemi er aðallega

vegna útlána. Þessi þekking leiðir þó af sér tækifæri fyrir fjármálafyrirtæki til að draga úr umfangi losunar gróðurhúsalofttegunda og þá sér í lagi með því að beina fjármagni þar sem mikilla áhrifa gætir.

Heildarkolefnisspor Landsbankans



Aðferðafræði

Við áætlun kolefnisspors er stuðst við aðferðafræði PCAF (Partnership for Carbon Accounting Financials), rekstrarstjórnun (e. Operational control skv. Greenhouse Gas Protocol).

Tíminn sem útreikningarnir miða við er árslok 2019, en mörg fyrirtæki hafa ekki enn skilað ársreikningi fyrir árið 2020.

Upplýsingar úr ársreikningum fyrirtækja eru grunnforsenda fyrir þeim niðurstöðum sem hér eru sýndar.

Gögn með losunarstuðlum atvinnugreina koma frá gagnagrunni PCAF, sem aftur er byggður á EXIOBASE³ gagnagrunninum. Í tilviki félaga sem birt hafa upplýsingar um kolefnisspor sitt eru þær upplýsingar notaðar eftir fremsta

megni, en leiðréttar ef þurfa þykir. PCAF hefur gefið út ein-kunnaskala fyrir gæði gagna. Skalinna nær frá 1 til 5, þar sem 5 þykir grófasta nálgunin. Í þeim útreikningum sem hér eru sýndir eru flest gögnin í flokki 5, þar sem kolefnisspor er byggt á veltu fyrirtækja og atvinnugrein. Það er þó svo að þau félög sem við lánnum mest til gefa upp losun kolefnis í sjálfbærn-

3 <https://www.exiobase.eu/>

iskýrslum sínum. Þau gögn eru nýtt eftir fremsta megni.

Í tilviki bílalána er losunarstuðull Landsbankans smíðaður út frá gögnum frá Samgöngustofu, ásamt losunarstuðlum PCAF.⁴ Með þessum gögnum er hægt að áætla meðallosun bíla í lánasafni bankans.

Sé litið til húsnæðislána er orkunotkun húsnæðis á hvern m² áætluð út frá gögnum Bygðastofnunar,⁵ ásamt losunarstuðlum frá Orkuveitu Reykjavíkur.

Annmarkar

Þær niðurstöður sem hér eru birtar eru einungis okkar fyrsta skref í að þekkja óbein áhrif

okkar á losun gróðurhúsalofttegunda í gegnum útlán. Greiningin er unnin eftir bestu vitund og með bestu gögnum sem til taks eru á þessum tímamarki. Niðurstöðurnar ætti því að lesa í því ljósi.

Áætlun á kolefnislosun fyrirtækja er byggð á atvinnugreinaflokkun þeirra samkvæmt ÍSAT. Sé sú flokkun röng getur það haft áhrif á áætlaða losun tiltekins fyrirtækis. Einnig er tölurverður fjöldi fyrirtækja sem ekki hefur skilað ársreikning fyrir það tímabil sem hér er til skoðunar (2019). Við nánari skoðun má þó sjá að slík félög eru að stórum hluta félagasamtök, íþróttafélög og húsfélög. Oft eru þetta félög

í starfsemi sem ekki hefur mikla losun gróðurhúsalofttegunda í för með sér og eru áhrifin á niðurstöðurnar því talin lítil.

Þessi greining nær til 81% af útlánasafni bankans til fyrirtækja eins og staðan var í lok ársins 2019. Það er þó markmið okkar að auka hlutfall þeirra útlána sem við greinum og birta þær upplýsingar árlega.

Búast má við þó nokkrum frávikum í greiningum á útlánasafni bankans í framtíðinni, samfara betri aðgangi að gögnum og upplýsingum um losun gróðurhúsalofttegunda.

⁴ Aðferðafræði við smíði losunarstuðla bílalána PCAF má sjá hér.

⁵ Greiningu Bygðastofnunar má sjá hér.